

9. Frumvarp

til vatnalaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

Texti frumvarps þessa er samhljóða texta frumvarps þess um sama efni, sem lagt var fyrir Alþingi 1921 og 1922, sjá Alþingistiðindi 1921 A., bls. 137—178 og Alþingistiðindi 1922 A., bls. 160.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Mál þetta kemur nú í fimta sinn fyrir þingið, og þykir rjett að leggja það fyrir óbreytt eins og fyrir síðasta þing, til þess að vekja ekki enn meiri glundroða í því en komið er. Núverandi stjórn hefði samt helst getað hallast að frumvarpi minni hlutans í fossanefndinni, því er lá fyrir Alþingi 1920, þó með nokkrum breytingum.

Að frumvarp þetta kemur fram óbreytt, stafar meðfram af sparnaðar-ástæðum, því það hefir þótt óþarft að endurprenta þennan mikla lagabálk með þeim tiltölulega fáu breytingum, sem stjórnin vildi hafa gjört á því, því hún telur auðgefið að koma fram með þær við væntanlegar nefndir á Alþingi, eða á þinginu sjálfu, skyldu nefndirnar ekki vilja taka þær til greina.

Það skal fyrst tekið fram, að stjórnin yfir höfuð felst á allar breytingar-
tillögur minni hlutans á Alþingi 1921, — á Alþingi 1922 kom ekki einu sinni álit
frá nefndinni í Nd. — þgskj. 531. Þar næst skulu teknar fram þær breytingar, er
stjórnin vill gjöra.

1. Aftan við 3. gr. komi: en vatnsrjettindin hverfa þá með vatninu til þess, er
land á undir.

Þessi viðbót er tekin úr 3. gr. í frv. minni hlutans, og er til skýringar.

2. Við 30. gr., 1. málgr.:

Í stað orðanna: »til þarfa hennar samkvæmt 17. gr.« komi: til heim-
ilis- og búsparfa á eigninni.

Það þykir ekki athugasemjulegt með heimild þeirri, sem ræðir um í grein-
inni, að gera sameigendum unt að koma á sameiginlegri vatnsveitu til heimilis-
og búsparfa, en hins vegar þykir of langt gengið í stjórnarfrumvarpinu 1921
að heimila meiri hlutanum að þröngva minni hlutanum til að kosta að sínum
hluta vatnsveitu til iðnaðar eða iðju, enda er þar gengið lengra en í 32. gr.
meiri hlutans, sem bindur heimildina við smáiðnað í þarfir búnaðar.

3. Við 54. gr., 2.:

Í stað orðanna: »og skal þá fult endurgjald koma til handa þeim«,
komi: og skal þá fult endurgjald koma til handa eiganda vatnsrjettinda
og annara.

Þetta er eigi efnisbreyting en til skýringar.

4. Við 65. gr.: Þessi grein falli burt.

Það virðist engin ástæða til að heimila einstökum manni að taka fall-
vatn annars manns lögnámi. Þætti það samt sem áður æskilegt að útvega
einstökum manni ákveðið fallvatn til notkunar gæti landsstjórnin notað heim-
ildina í 54. gr. til þess sjálf að taka fallvatnið lögnámi og fela svo viðkom-
anda að virkja það samkv. 3. lið greinarinnar.

Ef þessari grein er slept, fellur burtu úr 66. gr. og 70. gr. tilvitnunin
í 65. gr.

5. Við 67. gr.: Þessi grein falli burt.

Það virðist eigi ástæða til að veita leiguliða þessi rjettindi. Geti hann
ekki komið sjer saman við landsdrottinn, virðist skaðlaust að rafveitan bíði.

6. Við 101. gr.: 4. töluliður falli burt.

Þar sem jarðeiganda er eigi skylt að taka þátt í fjelagsskapnum, virðist
það órjettmætt, að leiguliði geti í raun og veru neytt hann til þess, með því
að gerast fjelagi, og svo, ef illa fer, að stökkva burt af jörðinni, en neyða
jarðeiganda til að kaupa eftir mati mannvirki og tæki, er leiguliði hefir gjört.